

## Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um áhrif niðurskurðar þorskkvóta og mótvægisáðgerðir.

1. *Hver er áætlaður tekjusamdráttur fyrirtækja og sveitarfélaga vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðarári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.*

Í júní 2007 áætlaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að samdráttur í þorskafli, um 65 þús. tonn, mundi hafa þau áhrif að aflaverðmæti lækkaði frá árinu 2006 um 9,2 milljarða kr., útflutningsverðmæti um 16 milljarða kr. og landsframleiðsla mundi dragast saman um 0,8% að óbreyttu meðalverði þorskafurða.

Áætlaður tekjusamdráttur fyrirtækja sundurliðað eftir sveitarfélögum liggur ekki fyrir en í eftirfarandi töflu er mat Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á líklegum áhrifum samdráttar í úthlutun aflamarks í þorski eftir landsvæðum. Til einföldunar er litið fram hjá sérstökum úthlutunum vegna línuvöðva og byggðakvóta og gert ráð fyrir að þær heimildir dreifist eins og aflahlutdeildirnar.

### Úthlutun aflamarks í þorski á grundvelli aflahlutdeilda fiskveiðarársins 2006/2007 og breytingar á aflamarki miðað við 130 þús. tonna úthlutun þorsks fiskveiðarárið 2007/2008.

Landshluti	Aflahlutdeild	Aflamark	
	2006/2007 [%]	130 þús. tonn [tonn]	Minnkun [tonn]
Vesturland	15,7	20.463	10,205
Vestfirðir	11,6	15.039	7,540
Norðurland vestra	5,8	7.494	3,770
Norðurland eystra	22,2	28.887	14,430
Austurland	10,6	13.814	6,890
Suðurland	9,8	12.692	6,370
Suðurnes	17,1	22.192	11,115
Höfuðborgarsvæði	7,2	9.419	4,680
Samtals	100	130.000	65,000

Heimild: Hagfræðistofnun HÍ

Við mat á áhrifum af niðurskurði aflaheimilda á tekjur fyrirtækjanna verður að líta til þess að verð á þorski hefur hækkað mjög mikið frá því að skýrsla Hagfræðistofnunar var unnin. Samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofu skiptaverðs var meðalverð óslægðs þorsks sem seldur var á fiskmörkuðum á Íslandi 191,28 kr. á kg í júlí 2007 en 255,02 kr. í janúar 2008. Hækkunin nemur liðlega 33% og við sölu beint til fiskverkenda hafði verðið hækkað um 6,4% á sama tíma. Samkvæmt verðvísitölum sjávarafurða frá Hagstofu Íslands hefur vísitala landfrysts þorsks hækkað um 33,4% frá júlí til febrúar sl. og vísitala saltaðra þorskafurða

hefur á sama tíma hækkað um 33,8%. Þetta eru síðustu gildi vísitalna fiskverðs sem liggja fyrir. Á sama tíma hækkaði vísitala meðalgengis miðað við vöruskiptavog um 15,8%. Frá febrúar til apríl hefur gengisvísitalan hækkað enn. Sé breyting gengisvísitölunnar tekin frá júlí 2007 til apríl 2008 er hún um 34,9%.

Af þessu leiðir að tekjusatdráttur verður minni en gert var ráð fyrir þegar Hagfræðistofnun tók saman fyrrnefnda skýrslu fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Ekki er þó ljóst að fullu hverjar hinar endanlegu tekjur verða fyrir en við lok fiskveiðiársins, meðal annars með hliðsjón af óvissu um gengisþróun.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók einnig saman skýrslu fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um áætlaðan tekjusatdrátt sveitarfélaga vegna skerðinga á þorskaflaheimildum miðað við tekjur ársins 2006 og 13% útsvar. Niðurstaðan var sú að tekjur sveitarfélaga mundu dragast saman um 450 millj. kr. að öðru óbreyttu. (Sjá skýrslu [http://www.samband.is/files/688094568aflasamdrattur\\_loka.pdf](http://www.samband.is/files/688094568aflasamdrattur_loka.pdf)).

Niðurstöður Hagfræðistofnunar eru byggðar á þeim forsendum sem fyrir lágu á þeim tíma. Gera má ráð fyrir að sá niðurskurður sem ákveðinn var hafi áhrif á rekstrarumhverfi fyrir-tækja, bæði í veiðum og vinnslu, og leiði til þess að flutningur verði á aflaheimildum milli sveitarfélaga. Slíkar breytingar hefðu því áhrif á þær spár sem settar voru fram í skýrslunni. Í skýrslunni segir m.a.: „Flest bendir til að niðurskurður á þorskkvóta hafi mest áhrif á efna-hagsleg umsvif á Vestfjörðum og Vesturlandi. Samkvæmt útreikningum okkar má gera ráð fyrir að heildarframleiðsla atvinnulífs í þessum landshlutum dragist saman um 3–4% fyrsta árið eftir að tilkynnt var um niðurskurð þorskkvóta. Á Norðurlandi og á Suðurnesjum gætu heildarumsvif minnkað um 2–3% fyrsta árið en annars staðar á landinu má ætla að áfallið verði minna.“

Í skýrslunni eru settar fram töflur um áætluð áhrif skerðingar þorskkvóta á einstök sveitarfélög, annars vegar á útsvarstekjur launatekna og hins vegar á hafnargjöld. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar má ætla að líklegur tekjumissir sveitarfélaga á fyrsta ári eftir niðurskurð þorskafla vegna lækkunar launatekna geti orðið eftirfarandi (í millj. kr.):

Akranes	16
Akureyri	34
Blönduós	1
Bolungarvík	13
Borgarfjarðarhreppur	1
Dalvík	21
Djúpavogshreppur	1
Fjallabyggð	18
Fjarðabyggð	25
Garður	13
Grindavík	52
Grímsey	6
Grundarfjörður	21
Grýtubakkahreppur	8
Hornafjörður	13
Ísafjarðarbær	34
Kaldrananeshreppur	1
Langanesbyggð	4
Norðurþing	8
Reykjanesbær	10
Sandgerði	5
Seyðisfjörður	3

Skagafjörður	5
Skagaströnd	13
Snæfellsbær	39
Strandabyggð	1
Stykkishólmur	9
Vestmannaeyjar	27
Vesturbyggð	9
Vogar	6
Vopnafjarðarhreppur	4
Ölfus	9

Mat Hagfræðistofnunar á hugsanlegri skerðingu tekna nokkurra hafna á ári vegna minni þorskafla nemur samkvæmt skýrslunni um 130 millj. kr. og skiptist þannig á hafnir:

Bolungarvík	4
Djúpivogur	4
Faxaflóahafnir	11
Fjarðabyggð	12
Grindavík	11
Grímsey	1
Grundarfjörður	3
Hafnarfjörður	3
Hafnasamlag Eyjafjarðar	9
Hafnasamlag Norðurlands	9
Hornafjörður	3
Ísafjörður	9
Langanesbyggð	1
Norðurþing	4
Reykjanesbær	2
Sandgerði	6
Seyðisfjörður	1
Siglufjörður	2
Skagafjörður	6
Skagaströnd	3
Snæfellsbær	11
Stykkishólmur	1
Tálknafjörður	1
Vestmannaeyjar	7
Vesturbyggð	2
Vopnafjörður	1
Þorlákshöfn	3

Ekki er til áætlun um áhrif niðurskurðar á fyrirtæki eða hvernig slíkur niðurskurður sundurliðast á fyrirtæki innan einstakra sveitarfélaga.

2. *Hversu mörg störf má áætla að hafi tapast vegna niðurskurðar þorskvóta á yfirstandandi fiskveiðarári? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um bein eða óbein störf er að ræða og eftir sveitarfélögum.*

Þessari spurningu er vandsvarað nema með sérstakri rannsókn sem þarfnast verulegrar vinnu. Helstu hópuppsagnir sem vitað er til að hafi verið tilkynntar í fjölmiðlum og tengdar eru niðurskurði þorskafla eru eftirfarandi:

<u>Svæði</u>	<u>fjöldi einstaklinga</u>	<u>fyrirtæki</u>	<u>dags.tilkynningar</u>	<u>gildistaka</u>
Vesturland	56	HB Grandi	30. jan. 08	1. júní 08
Vestfirðir	40	Vísir		1. maí 08
Norðurland eystra	23	Samherji	29. jan. 08	
	50	Vísir		1. maí 08
Austurland	42	Eskja	19. sep. 07	1. jan. 08
Suðurland	59	Humanvinnslan	okt. 07	1.nóv.07 og 1 .jan.08
<b>Samtals</b>	<b>270</b>			

Vitað er að endurráðið verður í 20 af þessum störfum. Gera má ráð fyrir að einhverjar uppsagnir verði í sumar. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa oft verið með litla starfsemi yfir sumarið og samkvæmt þeim upplýsingum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur má áætla að sumarstopp verði lengri í ár en verið hefur undanfarin ár. Áhrifa af slíku mun gæta nú í sumar. Það er hins vegar ánægjulegt að nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sem ætluðu að stöðva veiðar og vinnslu nú í vor hafa frestað þeirri ákvörðun.

3. *Hversu háar fjárhæðir renna í formi mótvægisáðgerða úr ríkissjóði vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum ásamt yfirliti yfir hvaða framkvæmdir er um að ræða á bak við greiðslurnar, hvaða fjárhæðir er þegar búið að greiða og hvaða fjárhæðir á eftir að greiða, ásamt áætlun yfir hvenær þær greiðslur munu eiga sér stað, einnig er óskað eftir sundurliðun á því hvaða framkvæmdir sem falla undir mótvægisáðgerðir eru nýjar áðgerðir, ákveðnar eftir að ákvörðun um niðurskurð þorskkvótans var tekin, og hverjar eru flýting á framkvæmdum sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í fyrir þann tíma.*

Fjárhæðir úr ríkissjóði vegna mótvægisáðgerða eru sundurliðaðar á fjárlagaár en ekki fiskveiðiár. Framlög til skilgreindra verkefna vegna mótvægisáðgerða voru um 2.400 millj. kr. á fjárukalögum 2007 og um 2.000 millj. kr. á fjárlögum 2008. Gert er ráð fyrir að rúmlega 1.400 millj. kr. verði varið til verkefna vegna mótvægisáðgerða í fjárlögum 2009. Þá er til viðbótar gert ráð fyrir flýtingu framkvæmda í samgöngumálum upp á rúmlega 4.000 millj. kr. á árunum 2008–2009. Framlag ríkisins til annarra verkefna sem tengjast Hafrannsóknastofnuninni, vísindum og tækni, framkvæmdum við raforkukerfið auk tekjulækkunar ríkissjóðs vegna niðurfellingar/lækkunar veiðileyfagjalds nema samtals um 2.600 millj. kr. á árunum 2008 og 2009. Aðeins hluti mótvægisáðgerðanna er sundurliðaður niður á einstök sveitarfélög.

Samtals verður 1.000 millj. kr. varið úr ríkissjóði til endurbóta og viðhalds fasteigna ríkisins á árunum 2008–2009, þar af er gert ráð fyrir 666 millj. kr. á árinu 2008 og 334 millj. kr. á árinu 2009. Sundurliðun er eftirfarandi:

#### **Skipting framlags til mótvægisáðgerða (í millj. kr.).**

	<u>Áætluð ráðstöfun 2008</u>	<u>Áætluð ráðstöfun 2009</u>
<b>Vesturland</b>		
Heilbrigðisstofnun Akranesi	15	
Heilsugæslustöð Borgarnesi	40	12
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	13	
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2	
St Franciskusspítali	35	
Heilsugæslustöðin Búðardal	5	
Hvanneyri		45
<b>Vesturland samtals</b>	<b>110</b>	<b>57</b>

<b>Vestfirðir</b>		
Heilbrigðisstofnun Patreksfirði	40	
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæ	110	
Heilbrigðisstofnun Bolungarvík	2	
Menntaskólinn á Ísafirði	23	
Lögreglan á Patreksfirði	5	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	15	
<b>Vestfirðir samtals</b>	<b>195</b>	<b>0</b>
<b>Norðurland</b>		
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	33	
Heilsugæslan á Akureyri		40
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	40	
Fjölbautaskóli NV – Sauðárkróki	10	
Verkmenntaskólinn á Akureyri		20
Sýslumaður á Blönduósi	20	
<b>Norðurland samtals</b>	<b>103</b>	<b>60</b>
<b>Austurland</b>		
Heilbrigðisstofnun Austurlands	40	5
<b>Austurland samtals</b>	<b>40</b>	<b>5</b>
<b>Suðausturland</b>		
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	30	35
Lögreglustöð á Hornafirði		67
<b>Suðausturland samtals</b>	<b>30</b>	<b>102</b>
<b>Vestmannaeyjar</b>		
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	139	
<b>Vestmannaeyjar samtals</b>	<b>139</b>	<b>0</b>
<b>Suðurnes</b>		
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	49	110
<b>Suðurnes samtals</b>	<b>49</b>	<b>110</b>
<b>Heildarupphæð samtals</b>	<b>666</b>	<b>334</b>

<u>Skipting eftir landsvæðum</u>	
Vesturland	167
Vestfirðir	195
Norðurland	163
Austur- og Suðausturland	177
Vestmannaeyjar	139
Suðurnes	159
	1.000

Fyrsta þriðjungi fjármuna sem renna munu beint til sveitarfélaga vegna lækkunar tekna í tengslum við minnkun þorskkvóta var úthlutað til sveitarfélaga í lok desember 2007. Sundurliðun á sveitarfélög var eftirfarandi (millj. kr.):

Reykjanesbær	0,9
Grindavíkurbær	35,1
Sandgerðisbær	1,0
Sveitarfélagið Garður	6,5

Sveitarfélagið Vogar	1,1
Akraneskaupstaður	2,9
Grundarfjarðarbær	12,9
Stykkishólmsbær	5,1
Snæfellsbær	35,1
Bolungarvíkurkaupstaður	8,0
Ísafjarðarbær	15,4
Tálknafjarðarhreppur	3,8
Vesturbyggð	6,1
Súðavíkurhreppur	1,3
Árneshreppur	0,5
Kaldrananeshreppur	1,4
Strandabyggð	0,6
Sveitarfélagið Skagafjörður	1,6
Húnaþing vestra	0,5
Sveitarfélagið Skagaströnd	7,6
Akureyrarkaupstaður	5,8
Norðurþing	2,9
Fjallabyggð	11,3
Dalvíkurbyggð	13,1
Grímseyjarhreppur	10,1
Arnarneshreppur	0,5
Grýtubakkahreppur	4,3
Langanesbyggð	5,3
Seyðisfjarðarkaupstaður	2,6
Fjarðabyggð	8,3
Vopnafjarðarhreppur	1,8
Borgarfjarðarhreppur	1,4
Breiðdalshreppur	0,5
Djúpavogshreppur	1,3
Sveitarfélagið Hornafjörður	8,9
Vestmannaeyjabær	17,9
Sveitarfélagið Ölfus	6,5
<b>Samtals</b>	<b>250,0</b>

4. *Hversu mikill hluti boðaðra mótvægisáðgerða verða útboðsskyldar framkvæmdir og hvernig hyggjast stjórnvöld tryggja að tekjur, beinar og óbeinar, af þeim framkvæmdum verði eftir í byggðarlögum?*

Framkvæmdir í vegagerð og við Akureyrarflugvöll svo og verkefni vegna viðhalds fasteigna ríkisins eru flest eða öll útboðsskyld. Stuðningur við flug til Vestmannaeyja vegna ferðaþjónustu er til verkefni sem boðið var út og þá má gera ráð fyrir að framkvæmdir vegna styrkingar raforkukerfis á Norðurlandi og á Vestfjörðum verði boðnar út. Samtals er um að ræða verkefni upp á um 5.300 millj. kr. Í verklegum framkvæmdum nýtist langstærstur hluti þeirra fjármuna sem settir eru til verkefnisins á því svæði sem framkvæmdin á sér stað. Ríkisstjórnin getur hins vegar ekki stýrt verkum til fyrirtækja innan ákveðinna svæða þegar útboð á sér stað.

5. *Til hvaða mótvægisáðgerða hyggjast stjórnvöld grípa ef fram fer sem horfir og frekari loðnuveiðar verða ekki heimiladar að nýju?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari mótvægisáðgerðir. Hins vegar er fylgst vel með þróun mála og hvaða áhrif niðurskurður þorskafla á einstök svæði og sveitarfélög hefur í þeim tilgangi að unnt sé að bregðast frekar við ef á þarf að halda.

Vegna þess hve erfiðlega gekk að mæla loðnustofninn voru loðnuveiðar stöðvaðar í sex daga á síðustu vertíð. Þetta var gert að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar en á grundvelli mælinga var stærð veiðistofns loðnu metin á bilinu 200–270 þús. tonn. Stærð stofnsins virtist því vera langt undir þeim 400 þús. tonnum sem gildandi aflaregla gerir ráð fyrir að skilið sé eftir til hrygningar. Loðnuveiðar voru síðan leyfðar að nýju í lok febrúar að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar þar að lútandi.

Landaður loðnuaflí íslenskra skipa nam tæplega 150 þús. tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári. Þrátt fyrir að mjög litlar aflaheimildir hafi verið út gefnar tókst útgerðum að nýta þær til verðmætrar vinnslu. Þó að nákvæmar upplýsingar um skiptingu loðnuaflans eftir verkun liggi ekki fyrir er vitað að í ár var óvenju stórum hluta aflans ráðstafað í verðmæta frystingu. Er þetta sama þróun og undanfarin ár. Fjárfesting undanfarinna ára í nýjum tækjum og búnaði hefur meðal annars gert þetta mögulegt. Hlutfallslegur tekjusamdráttur vegna minni aflaheimilda í loðnu hefur því ekki orðið jafn mikill og ella hefði orðið.

Í ljósi þeirrar þróunar sem varð í loðnuveiðum eftir að þær voru heimilaðar að nýju var ekki tekin ákvörðun um sérstakar mótvægisáðgerðir vegna þeirra.